

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 6/2001

K. Bergmann ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2001, hefur Sigmundur Hannesson hrl., fyrir hönd K. Bergmann ehf. kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem tilkynnt var fyrirtækinu með bréfi dags. 8. janúar 2001. Með ákvörðun sinni hafnaði stofnunin að hafast frekar að vegna viðskipta fyrirtækisins við auglýsingadeild Ríkisútvarpsins.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og lagt verði fyrir Samkeppnisstofnun að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Samkeppnisstofnun krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að með erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 10. desember 2000 kvartaði áfrýjandi yfir samskiptum sínum við auglýsingadeild Ríkisútvarpsins. Í erindinu kemur fram að forsvarsmaður áfrýjanda hafi í byrjun nóvember 2000 óskað eftir því við auglýsingastjóra Ríkisútvarpsins að kaupa útsendingartíma af stofnuninni, en hann vildi gera kynningarþátt um eigið efni ásamt því að gefa fyrirtækjum kost á að auglýsa í þættinum. Hafi honum þá verið tjáð að Ríkissjónvarpið myndi aldrei leyfa birtingu á slíku efni þar sem það bryti í bága við reglur stofnunarinnar. Ákvað þá áfrýjandi að birta sinn eigin þátt sem hann vildi nefna Prolong þáttinn og auglýsa einungis vörur frá Prolong Super Lubricants Inc. sem hann er dreifingaraðili fyrir á Íslandi. Í lok nóvember sama ár fór fyrirsvarsmaður áfrýjanda á fund auglýsingastjórans sem benti áfrýjanda á að auglýsa hjá nýjum aðila sem ætlaði að vera með kynningarþátt. Hafi því verið hafnað af hálfu

áfrýjanda og undirritaður samningur um auglýsingar hans. Auglýsingastjórinn kvað þáttinn verða sýndan á laugardagsmorgun en örfáar stafsetningavillur þyrfti að lagfæra fyrir helgina á eftir og kvaðst áfrýjandi ætla að lagfæra það sem hann og gerði síðar. Þátturinn var sýndur þrisvar sinnum þessa helgi og allt virtist í lagi. Á miðvikudegi hafi áfrýjandi fengið upphringingu frá auglýsingastjóranum sem hafi sagt kvartanir borist undan þættinum. Þyrfti að að lagfæra stafsetningavillur, orðaval og klippa út efsta stig fyrir næstu útsendingu. Þetta hafi áfrýjandi gert og skilað þættinum aftur inn til ritskoðunar. Daginn eftir fékk áfrýjandi þær upplýsingar frá Ríkisútvarpinu að þátturinn yrði ekki sendur út sökum lélegra gæða. Á þessu stigi málsins var áfrýjandi búinn að gera samning um 35 birtingar á þættinum og greiða þær, en einungis 3 birtingar verið sýndar. Taldi áfrýjandi engar forsendur fyrir þeirri kröfu að lagfæra þáttinn enn frekar, og taldi jafnvel að þó hann lagfærði þáttinn enn yrði hann samt ekki sýndur, þar sem búið væri að auglýsa þáttinn Zink-kynningar á auglýsingatíma áfrýjanda.

Með áðurnefndu bréfi Samkeppnisstofnunar til áfrýjanda dags. 8. janúar sl. taldi stofnunin ekki efni til þess að hafast frekar að í málinu. Kemur fram í bréfinu að Samkeppnisstofnun telji sig ekki vera bera til að meta tæknileg eða eftir atvikum efnisleg gæði auglýsinga sem birtast eiga í Ríkisútvarpinu. Það sé og mat stofnunarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að kröfur Ríkisútvarpsins í máli þessu séu ósanngjarnar eða mismuni fyrirtæki áfrýjanda í skilningi samkeppnislaga.

Með bréfi Ríkisútvarpsins til áfrýjanda dags. 15. desember 2000 rifti Ríkisútvarpið formlega umræddum samningi.

III.

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt að Ríkisútvarpið hafi brotið c-lið, 1. mgr. 11. gr. samkeppnislaga með því að mismuna viðskiptaaðilum sínum með ólíkum skilmálum í samskonar viðskiptum, þ.á.m. með því að hafna viðskiptum við áfrýjanda og gefa honum rangar og misvísandi upplýsingar jafnframt því að stofna til viðskipta við annan viðskiptaaðila með sambærilegum skilmálum og þeim sem áfrýjanda hafi verið synjað um.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er vísað til þess að stofnunin telji þetta mál ekki falla undir samkeppnislög. Málið snúist um hvort kynningarefni áfrýjanda fullnægi viðmiðunarreglum Ríkisútvarpsins, en það sé ekki hlutverk Samkeppnisstofnunar að meta það.

IV.

Niðurstöður.

Fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála liggur að ákvarða um réttarstöðu áfrýjanda og Ríkisútvarpsins samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og eftir þeim farvegi, sem málinu var markaður með kvörtun áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar frá 10. desember 2000. Í þeirri kvörtun er lýst ýmsum samskiptum áfrýjanda og tiltekins forsvarsmanns auglýsingadeildar Ríkisútvarpsins eftir að gerður hafði verið auglýsingasamningur þeirra í milli 30. nóvember 2000. Varð framkvæmd þess samnings með öðrum hætti en til hafði verið stofnað í upphafi, svo sem lýst hefur verið hér að framan, og að lokum fóru svo leikar að Ríkisútvarpið rifti samningnum formlega með bréfi til áfrýjanda frá 15. desember 2000. Bar auglýsingastjóri Ríkisútvarpsins fyrir sig, að áfrýjandi hafi ekki fullnægt hefðbundnum kröfum Ríkisútvarpsins til gæða sjónvarpsefnis sökum margvíslegra ágalla, tæknilegra og málfarslegra, sem verið hefðu á umræddum kynningarþætti, er fyrnefndur auglýsingasamningur fjallaði um.

Að virtum gögnum málsins, eins og þau liggja fyrir áfrýjunarnefndinni, hefur áfrýjanda ekki tekist að sýna fram á, að sú ákvörðun Ríkisútvarpsins að synja um útsendingu á kynningarþætti áfrýjanda, á grundvelli þeirra forsendna og þeirra röksemda, sem lágu að baki þeirri ákvörðun, hafi verið ómálefnaleg, mismunað fyrirtæki áfrýjanda eða með öðrum hætti brotið í bága við góða viðskiptahætti í þeim skilningi að stríði gegn ákvæðum samkeppnislaga. Lögfræðilegt mat á réttaráhrifum, sem kunna að tengjast umræddum samskiptum áfrýjanda og Ríkisútvarpsins að öðru leyti, fellur utan valdsviðs samkeppnisyfirvalda. Er því ekki ástæða til þess að Samkeppnisstofnun hafist frekar að í máli þessu á grundvelli efnis fyrnefnds kvörtunarbréfs áfrýjanda frá 10. desember 2000.

Úrskurðarorð.

Framangreind ákvörðun Samkeppnisstofnunar er staðfest.

Reykjavík, 22. febrúar 2001.

Páll Sigurðsson

Erla S. Árnadóttir

Anna Kristín Traustadóttir